

# Nýjungar í Sögu - útgáfa 3.1.37.13

## Aðgangsstýringar

### Eyðublöð - Lotur

SAG-2721

Notendur geta nú séð og opnað varðar lotur (merktar með lás). Þar sjást nú samskipti í viðkomandi lotu þótt eingöngu séu sýnd eyðublöð sem notandi hefur aðgang að. Notandi getur þá bætt blöðum við samskipti sem hann sá ekki áður. Þetta á einkum við notendur í rannsóknarhóp sem hafa almennt ekki réttindi til að sjá annað en blöð af rannsóknardeildinni og óvarin blöð (t.d. rannsóknarblöð).

## Aðvaranir sjúklings (Therapy tenging)

### Sending ofnæmisskráningar til TMM

SAG-3237

Við sendingu á ofnæmisupplýsingum frá Sögu til TMM eru lyfjaofnæmi (ATC-ofnæmi) af stígun *grunur* nú send sem lyfjaofnæmi til tmm en ekki sem efnaofnæmi (frjáls texti)

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

### Forsíða sjúklings - tímaskráning á lífsmörkum

SAG-3151

Tímaskráning á lífsmörkum var bætt þannig að nú birtist bæði dagsetning og tími mælinga í forsíðu og hjúkrunaryfirliti.